

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/232*  
*komudagur 20. 11. 2003*

Jafnréttisnefnd Kópavogsbæjar  
19. nóvember 2003  
þskj. 15 – 15. mál

Tillaga til þingsályktunar  
um framkvæmdaáætlanir til að ná fram launajafnrétti kynjanna

Jafnréttisnefnd Kópavogs fagnar öllum tillögum sem miða að því að ná fram fullu launajafnrétti kynjanna.

Fulltrúar meirihlutans, Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, minna á að þegar er framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar sem kemur m.a. inn á launajafnrétti kynjanna. Æskilegt væri að höfð yrði samvinna milli þeirra aðila sem vinna að framgangi þessa málaflökks. Jafnréttisnefnd Kópavogs hefur þegar hafið vinnu við gerð launakönnunar og hefur Kópavogsbær undirbúið upptöku kynhlutlauss starfsmats fyrir starfsfólk þeirra stéttarféлага sem um slíkt hafa samið í kjarasamningum sínum.

Fulltrúi minnihlutans, Samfylkingarinnar, lýsir stuðningi við tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun til að ná fram launajafnrétti kynjanna eins og hún kemur fyrir. Þó að framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum um jafnan rétt karla og kvenna liggja fyrir er mikilvægt að allra leiða sé leitað til að ná fram launajafnrétti kynjanna sem í dag er óviðunandi. Tel því þessa tillögu, eins og hún er lögð fram, vel til þessa fallna.